

MYNL1GM05

Búið til: Fri, 14 Feb 2020 11:12:05 GMT

Titill

Myndlist - starfsbraut

Skammstöfun

MYNL1GM05

Útgáfunúmer

10

Námsgrein

myndlist

Viðfangsefni

grunnþættir málunar

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Nemendur vinna ákveðin verkefni til að æfa ákveðna færni og þar sem þeir þurfa að tjá sig á myndrænan hátt. Leitast er við að gefa nemendum kost á að nota fjölbreyttar aðferðir við myndvinnslu og þjálfist í að tjá sig á ólíkan máta. Sérstök áhersla er á að nemendur eflist í teikningu, litameðferð og í að byggja upp þrívíðar myndir. Áherslur eru einstaklingsbundnar, háðar myndrænni færni og formrænum skilningi hvers einstaks nemanda. Þá skoða nemendur listaverk eða aðra þætti sjónræns umhverfis með kennara og ræða saman um merkingu viðfangsefnisins bæði sögulega, táknrænt og frá sjónarhóli einstakra nemenda.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnlögmálum um ljós og skugga í myndlist
- Litablöndun með akríllitum
- Fjarvíddarteikningu með einum hvarfpunkti

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Blanda liti úr grunnlitum
- Teikna fjarvídd með einum hvarfpunkti

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Getað tjáð sig myndrænt; teiknað og málað fjarvíðar myndir með skuggum og verið stoltur af og staðið með unnu verki

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar

Fyrirmynd

